

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/54/EB

frá 26. maí 1999

## um breytingu á tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 66/402/EBE:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 1999/8/EB <sup>(2)</sup>, einkum 1. mgr. b 2. gr. og 21. gr. b,

1. í a-lið C-liðar 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi í stað inngangssetningarinnar:

„Stofnsáðkorn (hafra-, bygg-, hrísgrjóna-, rúg-, hveiti-, durumhveiti-, speldis- og sjálffrævandi rúghveitiblandingar)“;

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. í E-lið 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi í stað inngangssetningarinnar:

„Vottað sáðkorn (kanarígras, nema blendingar, rúgur, dúrra, afríkudúrra, maís og hafra-, bygg-, hrísgrjóna-, hveiti-, durumhveiti-, speldis- og sjálffrævandi rúghveitiblandingar): fræ“;

1) Í framangreindri tilskipun eru ákvæði um að fella blendinga af sjálffrævandi rúghveiti undir gildissvið hennar og framkvæmdastjórninni er þar með veitt umboð til að samþykkja nauðsynlegar breytingar á skilgreiningunum í 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar. Þar sem mikilvægi blendinga af sjálffrævandi rúghveiti hefur aukist mikið í bandalaginu skal fella þá undir gildissvið tilskipunarinnar og af þeim sökum skal samþykkja breytingar á skilgreiningum á „stofnsáðkorni“ og „vottuðu sáðkorni“.

3. í 3. lið I. viðauka komi eftirfarandi í stað fyrstu og annarrar setningar:

„Ræktunin skal vera ósvikin og hrein að því er varðar afbrigði eða ef um er að ræða ræktun skyldleikaræktadrar línu ósvikin og hrein að því er varðar einkenni hennar. Við framleiðslu sáðkorns af blendingsafbrigðum skulu framangreind ákvæði einnig gilda um þátta-einkenni, þ.m.t. karlófrjósemi eða endurheimt frjósemi“;

2) Í framangreindri tilskipun er ekki fastsett hvaða skilyrði ræktun og sáðkorn blendinga *Avena sativa*, *Hordeum vulgare*, *Oryza sativa*, *Triticum aestivum*, *Triticum durum*, *Triticum spelta* og sjálffrævandi *Triticosecale* skulu uppfylla. Fastsetja má slík skilyrði og breyta skal I. og II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE til samræmis við það. Þar sem mikilvægi framangreindra blendinga hefur aukist mikið í bandalaginu skal fastsetja hvaða skilyrði þurfi að uppfylla um ræktun og sáðkorn þeirra þegar íðefni, sem veldur kynblöndun, er notað við framleiðslu sáðkornsins.

4. eftirfarandi 3. liður b bætist við í I. viðauka:

„3b. Ræktun til að framleiða sáðkorn af hafra-, bygg-, hrísgrjóna-, hveiti-, durumhveiti-, speldis- og sjálffrævandi rúghveitiblandingum

a) ræktunin skal uppfylla eftirfarandi staðla um fjarlægð frá nálægum frjógjöfum sem getur orsakað óæskilega, utanaðkomandi frævun:

— lágmarksfjarlægðin milli kvenþáttarins og allra annarra afbrigða sömu tegundar, nema ræktunar með karlþætti, skal vera 25 m,

— ekki þarf að virða fjarlægðarmörkin ef nægileg vernd er gegn óæskilegri, utanaðkomandi frævun.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB 125, 11.7.1966, 309/66, bls. 2.<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB L 50, 26.2.1999, bls. 26.

- b) Ræktunin skal vera ósvikin og hrein að því er varðar þáttaeinkenni.

Ef íðefni, sem veldur kynblöndun, er notað við framleiðslu sáðkornsins skal uppskeran uppfylla eftirfarandi staðla eða önnur skilyrði:

- i) hreinleiki hvers þáttar að því er varðar afbrigði skal vera a.m.k.:
- 99,7% fyrir hafra, bygg, hrísgrjón, hveiti, durumhveiti og speldi,
  - 99,0% fyrir sjálffrævandi rúghveiti;
- ii) kynblöndun skal vera a.m.k. 95%. Meta skal hlutfall kynblöndunar í samræmi við núverandi alþjóðlegar aðferðir svo framarlega sem slíkar aðferðir séu fyrir hendi. Ef kynblöndun er ákvörðuð þegar prófun stendur yfir á sáðkorninu fyrir vottun þarf ekki að ákvarða kynblöndun við akurskoðun.“;

5. í 1. lið II. viðauka komi eftirfarandi í stað fyrstu og annarrar setningar:

„Ræktunin skal vera ósvikin og hrein að því er varðar afbrigði eða ef um er að ræða ræktun skyldleikaræktaðrar línu ósvikin og hrein að því er varðar einkenni hennar. Við framleiðslu sáðkorns af blendingsafbrigðum skulu framangreind ákvæði einnig gilda um þáttaeinkenni, þ.m.t. karlófrjósemi eða endurheimt frjósemi“;

6. í fyrirsögninni í lið Aa í 1. lið II. viðauka bætist „nema blendingar“ við á eftir „*Triticosecale*“;

7. eftirfarandi þáttur bætist við í lið Aa í 1. lið II. viðauka:

„Ab. Hafra-, bygg-, hrísgrjóna-, hveiti-, durumhveiti-, speldis- og sjálffrævandi rúghveitiblandingar.

Hreinleiki sáðkornsins í flokknum „vottað sáðkorn“ skal vera a.m.k. 90%. Hreinleikinn að því er varðar afbrigði skal rannsakaður á viðeigandi hlutfalli sýna í opinberum eftirkönnunarprófum.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. júlí 2000. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. maí 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*